

183 lækka skattinn, sé sýnt að tekjur vatnsveitunnar nemi meira en árlegum kostnaði 12. des. af henni.

Nú stendur íbúð ónotuð um hálf t. ár eða meira og má þá fella niður helming vatnsskatts.

11. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 10. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur og verkstæði, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt samkv. 1. mgr. skal innheimta eftir mati bæjarráðs.

Nú sættir húseigandi eða vatnsskattsgreiðandi sig ekki við ákvörðun bæjarráðs um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að matsnefnd um vatnsnot Kópavogshrepps, sbr. samning borgarstjórans í Reykjavík og hreppsnefndar Kópavogshrepps frá 21. október 1949, úrskurði ágreiningsatriði.

Bæjarráð ákveður verð á vatni, sem selst er til skipa eða hafnarsjóðs í Kópavogi, þó ekki undir kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra.

12. gr.

Vatnsskattur samkv. reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og greiðist til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Kópavogshrepps nr. 172 14. sept. 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

184

12. des.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, vegi eða á opnu svæði, er húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt kolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarverkfræðingur tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra verkfræðingi bæjarins frá því, og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípa, brunna, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skolplögninni innan- og utanhúss til heyrir, skal ákveðið í samráði við bæjarverkfræðing. Hann skal hafa umsjón með verk-

inu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. Sé um stórt hús að ræða eða mikla lögn, má bæjarverkfræðingur krefjast uppdráttar, er sýni glögglega alla tilhögun lagnarinnar. Rísi ágreiningur á milli bæjarverkfræðings og húseiganda út af holræsalögn, skal bæjarráð skera úr. 184
12. des.

3. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði, en til þess að standast útgjöld þau, er stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, er hús á eða lóð við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, að greiða árlega til bæjarsjóðs $1\frac{1}{2}$ af þúsundi af fasteignamatsverði húss og lóðar, og enn fremur 3 kr. fyrir hvern metra lóðar, sem telst til hlutaðeigandi götu, vegar eða opins svæðis húsræsmegin, hvort heldur er um framlóð eða baklóð að ræða. Nú leggur húseigandi holræsi frá húsinu í annað aðalræsi, en holræsi þeirrar götu, vegar eða þess opins svæðis, er hús hans telst til, og greiðir hann þá metragjaldið af þeirri hlið lóðar sinnar, sem hann leggur húsræsið út frá.

Sérstaka ívilnun eða undanþágu má þó veita, ef lóð er svo háttáð, að erfiðara er að koma skolpi eða afrennsli frá henni í aðalræsið en frá öðrum lóðum yfirleitt, og einnig má leggja sérstakt aukagjald, ef skolp frá einhverri lóð er svo á sig komið að telja má meiri útgjöld stafa af því en öðru skolpi.

Heimilt er að ákveða holræsagjald af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsi liggur.

4. gr.

Holræsagjald greiðist af lóðareiganda og hefur hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt, og er það tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí, en kostnað við holræsagjaldið skal greiða til bæjargjaldkera. Gjaldið skal reikna í heilum krónum.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 krónum, er renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 76 26. okt. 1928, um holræsagjald fyrir Hafnarfjarðarkaupstað með breytingu nr. 174 9. ágúst 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.